

Ed.

95. Nefndarálit

um frumvarp til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki (þingskjal 20).

Vjer, sem háttvirt deild hefir falið að ihuga mál þetta, leyfum oss að láta uppi álit vort á þessa leið.

Vjer litum svo á, að frumvörp um þetta efni ættu alla jafna að koma frá landsstjórninni, því hún á hægra með en alþingi að útvega allar nauðsynilegar upplýsingar til þess, með einu orði sagt, hvort rjett sje að veita hreppsnefndum eða bæjarstjórnnum, er æskja þess, einkaleyfi til vatnsveitu, eignarnámsheimild og rjett til skattálögu. Eu máli þessu var svo seint hreift af hálfu hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps, að stjórnin sá sjer ekki fært að bera það fram á þessu þingi.

Hins vegar ber mjög brýna nauðsyn til, að vatnsveitu verði sem allra fyrst komið á á Sauðárkróki, þar eð neysluvatn er þar ónóg og illt. Má telja vist, að ill og ónóg vatnsból í kaupúninu hafi hin síðari árin magnað þar taugaveiki, er svo hefir breiðst út um nágrannasveitirnar. Hafa Sauðárkróksbúar því nú ráðist í að taka 14000 kr. lán í veðdeild landsbankans á ábyrgð hreppsins og Skagafjarðarsýslu, til þess að koma þessu nauðsynlega fyrirtæki í framkvæmd, og eru nú svo vel á veg komnir með framkvæmd verksins, að allar líkur eru til, að vatnsveitan verði fullgerð í næstkomandi septembermánuði!

Í árslok 1909 voru húseignir á Sauðárkróki, er virtar höfðu verið til húsa-skatts, 61, og virðingarupphæðirnar samtals kr. 192.722. Má því gera ráð fyrir, að virðingarverð skattskyldra húseigna í kaupúninu sje nú um 200 þús. krónur, og hækki heldur á næstu árum.

Vatnsleiðslan á eftir áætlun að kosta 14 þús. krónur, og er nú fengin nokkurnveginn full vissa fyrir því, að kostnaðurinn fer eigi teljandi fram úr þessari áætlun.

Nefndin litur því svo á, að engin fjárhagsleg hættu sje fyrir hreppinn að standa straum af vatnsleiðslunni, sje hreppsnefndinni veittur rjettur til að leggja á þorpsbúa hæfilegan vatnsskatt. Ræður hún því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið, en leggur jafnframt til, að á því verði gerðar mjög verulegar breytingar, samkvæmt tillögum þeim, er prentaðar eru hjer á eftir.

Breytingar þessar miða að því að gera frumvarpið sem líkast lögum nr. 84 frá 22. nóvember 1907 um vatnsveitu í Reykjavík. Voru þau lög rækilega undirbúin af bæjarstjórn og hafa gefist vel.

Viðvikjandi hinum einstöku breytingartillögum viljum vjer sjerstaklega taka þetta fram:

Oss virðist óviðkunnanlegt og óþarft að heimila hreppsnefndinni að taka vatn úr uppsprettum og brunnnum í landareignum einstakra manna, svo að þeir sjeu sviftir vatni til heimilisparfa fyrir þá sjálfa. Þá er það einnig óþarflega nærri gengið athafnafrelsi manna, að banna þeim að nota annað vatn til heimilisparfa, en úr vatnsveitu hreppsins. Ráðum vjer því háttvirtri deild til að breyta báðum þessum ákvæðum frumvarpsins.

Til þess hreppsnefndin geti staðið straum af kostnaði við vatnsleiðsluna, verður að heimila henni að heimta vatnsskatt af húseignum öllum í kaптúninu. En nauðsynlegt er, að með lögum sjeu sett föst og ófrávikjanleg takmörk fyrir upphæð skattsins, því óvarfærin niðurrjöfnun gæti orðið til þess, að lækka verð húseignanna og minka lánstraust almennings.

Í lögnum um vatnsveitu Reykjavíkur er hámark skattsins ákveðið 5% af brunabótavirðingu allra þeirra húseigna, er skattinum eiga að svara. Á Sauðárkróki er engin lögskipuð brunabótavirðing, og verður því að miða skattinn við húsaskattsvirðinguna, en hámarkið teljum vjer rjett að sje hið sama og í Reykjavík, því vjer álitum varhugavert að leggja þyngri lögbundnar kvaðir á húseignirnar. Að visu getur svo farið, að skattsupphæðin nægi ekki til að greiða vexti og hæfilega afborgun af stofnkostnaðinum og til árlegra útgjalda, en tekjuhallinn getur eigi orðið nema lítilfjórlegur, og teljum vjer þá rjett að jafna þeirri upphæð á hreppsþúa með aukaútsvörum.

Í framsöggunni mun verða gerð nánari grein fyrir breytingartillögum vorum.

Alþingi, 27. júlí 1912.

Jósef Björnsson,
formaður.

Steingrímur Jónsson,
skrifari og framsögumaður.

Eiríkur Briem.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki á þingskj. 20.

1. Við 1. gr. 1. lið. Fyrir orðið »kaupstaðinn« komi: kaптúnið.
2. Við 1. gr. 2. lið. Á eftir orðunum »landareign þeirra« í endi fyrstu málsgreinar bætist inn í: þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviptir nægilegu vatni til heimilisparfa fyrir þá sjálfa.
3. Við 2. gr. Fyrir orðin »kaupstaðarins« og »kaupstaðnum« komi: kaптúnsins kaптúninu.
4. Við 2. gr. Fyrir orðið »hantí« fremst í annari línu komi: það.
5. Við 2. gr.: orðin »og skal engum heimilt« o. s. frv., til enda greinarinnar falli burt.
6. Við 3. gr. Greinin falli burtu.
7. Á eftir 2. gr. komi 6 nýjar greinar svohljóðandi:

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hreppsnefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kaптúninu (sbr.

4. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr 5^{0/00} (fimm af þúsundi) af húsaskattsvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6^{0/00} af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett, sem öðrum sveitargjöldum.

4. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur í götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað.

5. gr.

Hreppsnefndin hefur rjett til að löggilda mann eða menn til þess að leggja vatnsæðar þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar kaupsins, og sjeu þeir skyldir að fara eftir reglum þeim er hreppsnefndin fyrirskipar.

Engir aðrir en þeir, er þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins inn í hús.

6. gr.

Hreppsnefndinni skal heimilt að loka vatnsæðum kaupsins fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða eyða vatni að óþörfu, eða fara óhreinlega með það.

7. gr.

Hver sem af ásettu ráði skemmir vatnsæðar kaupsins eða önnur mannvirki, sem heyra til vatnsveitunnar, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggji við eftir hinum almennu hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal hlutaðeigandi sæta sektum, og að auki bæta skaðann að fullu.

8. gr.

Hreppsnefndin getur sett reglugerð um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina.

8. 4. gr. verði 9. gr.